

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp gjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

		<i>Sorphirðu- gjald</i>	<i>Sorpeyðingar- gjald</i>	<i>Samtals</i>
a) Íbúðir í þéttbýli	kr.	28.293	14.140	42.434
b) Aukasorpilát í þéttbýli	kr.	14.091	7.042	21.133
c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús	kr.	14.618	7.306	21.924
d) Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	28.293	34.650	62.944

Innfalið í gjaldi skv. lið d er gjald vegna hirðingar og eyðingar á dýrahæjum. Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>		<i>kr./kg m. vsk.</i>
Pressanlegur úrgangur		22,73
Ópressanlegur úrgangur		34,10
Málað timbur eða plasthúðað		34,10
Óflokkaðir málmar		5,70
Blandaður pappír		25,04
Dagblöð og tímarit		25,04
Plastumbúðir, harðplast		22,73
Fatnaður		21,65
	<i>m³</i>	<i>kr. m. vsk.</i>
Móttökugjald fyrir stakan farm	0,25	1.196
	0,5	2.391
	0,75	3.587
	1	4.782

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun hjá söfnunarstöðinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 13. desember 2018 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1221/2017.

Búðardal, 13. desember 2018.

Kristján Sturluson sveitarstjóri.